

# Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

## Stjórnarfundur – fundargerð

Dagsetning: 10. júní 2021 kl. 16.00 – 17.15

Staður: Skrifstofa félagsins, Stórhöfða 29; Jakob og Júlíus tóku þátt um netið.

Mætt voru: Friðrik Rafnsson, Jakob S. Jónsson, Júlíus Freyr Theódórsson, Snorri Steinn Sigurðsson, Valva Árnadóttir.

1.	Fundur settur	Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrá fundarins.		
2.	Skipað í embætti.	Ákveðið að Júlíus Freyr verði varaformaður, Valva Árnadóttir gjaldkeri, Jakob S. Jónsson ritari og Snorri Steinn meðstjórnandi með sérstakt verkefni að laða unga leiðsögumenn til félagsins.  Vakin var athygli á Félagsmálaskóla alþýðu til að standa fyrir námskeiði fyrir stjórn og aðra trúnaðar-menn að auka þekkingu þeirra á stjórnar- og stéttarfélagstörfum. Sjá lið nr. 8.	Á  U	Stjórn
3.	Rætt um verkaskipting  u  Persónu- verndar- fulltrúi	Umræða um skipurit félagsins, verkferla og vinnureglur. Þetta verður mótað á næstunni, enda nauðsyn vegna hlutverks félagsins og skyldur gagnvart félagsmönnum.  Þá var bent á að brýna nauðsyn ber til að skipa persónuverndarfulltrúa í samræmi við lög og að kanna megi hvort unnt sé að hafa samráð við ASÍ vegna þess.	U	Stjórn
4.	Bleiki fíllinn	Bleiki fíllinn í stofunni (sem enginn vill sjá eða kannast við) var ræddur – sem er viðhorf sumra leiðsögumanna til starfssystkina sinna á grundvelli mismunandi menntunar. Þetta viðhorf hefur valdið úlfúð og illindum og mótstöðu við að ganga til liðs við félagið. Stjórnin var einhuga um að þetta viðhorf kæmi of víða fram, væri neikvætt og hvorki starfsgreininni né leiðsögumönnum til framdráttar.  Endurnýjun siðareglna Leiðsagnar gæti verið til góðs og bent var á siðareglur WTO til samanburðar.	U	Stjórn
5.	Laganefnd	Mælt með því að laganefnd, sem gerð var samþykkt um á aðalfundi, verði skipuð sem fyrst og noti sumarið til starfa. Félagsmönnum verði gefinn kostur á að koma með tillögur til laganefndarinnar og var það samþykkt.	Á	Friðrik

6.	Trúnaðarráð	Mikilvægt er að kalla trúnaðarráð saman sem fyrst. Einnig bent á að nauðsyn þess að varamenn stjórnar fái færi á að fylgjast með starfi hennar.  Varaformanni falið að undirbúa trúnaðarráðsfund og kalla ráðið saman í fjarveru formanns næstu vikur.	Á	Júlíus
7.	Mál Borgþórs Kærnested	Borgþór lagði fram tillögu á aðalfundi til ályktunar um ástandið í Palestínu með hvatningu um sniðgöngu ferðamanna frá Ísrael. Tillögunni var tekið með lófataki en fundarstjóra láðist að bera hana upp til atkvæða.  Formanni var falið að ræða við stjórn ASÍ og kanna hug hennar til tillögunnar. Jakob ræðir við Borgþór.  Nokkuð var rætt um að félagið sem slíkt tæki ekki afstöðu í pólitískum eða trúarlegum deiluefnum og var rómur stjórnar samhljóða.  Stjórn var sammála um að í stefnumálum af því tagi sem hér um ræðir verði formaður einn til svara á vegum félagsins í fjölmiðlum.	Á	Friðrik Jakob
8.	Námskeið fyrir trúnaðarmenn innan félagsins	Lögð var fram tillaga um að ritari í samráði við Félagsmálaskóla Alpýðu skipuleggi námskeið fyrir trúnaðarmenn í félaginu, þ.e. stjórn, trúnaðarráð og aðra trúnaðarmenn til að auðvelda þeim að sinna sínum trúnaðarstörfum. Námskeið verði ekki skylda, en mælt með að trúnaðarmenn í félaginu sæki það.	Á	Jakob
8.	Fundi slitið	Formaður boðar til næsta fundar; þangað til má ef svo vill funda um síma eða net. Fleira gerðist ekki og sleit formaður fundi.		

Fundargerð staðfest

Við lyklaborðið:

---

Jakob S. Jónsson, ritari

---

Friðrik Rafnsson, formaður